



6. desember 2022

Tilv.: 2211131

2211133

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda (afnám verðtryggingar lána til neytenda og endurfjármögnun verðtryggðra lána), 50. og 55. mál.

Með tveimur tölvupóstum, dags. 22. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögnum Seðlabanka Íslands, *annars vegar* um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda (afnám verðtryggingar lána til neytenda), 50. mál á 153. löggjafarþingi, og *hins vegar* um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda (endurfjármögnun verðtryggðra lána), 55. mál á 153. löggjafarþingi.

Seðlabanki Íslands hefur margsinnis í gegnum tíðina veitt umsagnir um þingmál um sams konar eða keimlík mál er lúta að verðtryggingu fjárskuldbindinga, og vísar almennt til þess sem þar hefur fram komið. Af þeim má einkum nefna umsögn sem Seðlabankinn veitti 2. desember 2020 um frumvarp sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi, 38. mál (sjá fylgiskjal).

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda (afnám verðtryggingar lána til neytenda), 50. mál.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þar sem heimild laganna til verðtryggingar lána til neytenda er felld brott ásamt því að bæta inn ákvæði þess efnis að óheimilt verði að verðtryggja neytendalán og fasteignalán til neytenda. Aðrar breytingar frumvarpsins lúta einkum að því að afnema tilvísanir til verðtryggingar í lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Af greinargerð með frumvarpinu má álykta að banni við verðtryggingu lána til neytenda sé ætlað að vernda neytendur, einkum fyrir áhrifum vegna verðbólgu. Hins vegar má benda á að greiðslubyrði verðtryggðra lána er lægri en samsvarandi óverðtryggðra lána framan af lánstímanum og henta þau því tekjulágum einstaklingum sérstaklega vel til þess að fjármagna fasteignakaup. Bann við verðtryggðum lánunum til neytenda mun því fækka valkostum og afnema kosti sem

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

eru sérstaklega heppilegir tekjulágum fasteignakaupendum. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu fela þannig í sér takmörkun á samningsfrelsi almennings og myndu að öllum líkindum vinna gegn hagsmunum þeirra sem henni er ætlað að hjálpa og auka hættu á greiðsluerfiðleikum lántakenda. Þá er rétt að ítreka það sem Seðlabankinn hefur bent á í gegnum tíðina í þessu sambandi, að besta leiðin til að draga úr áhrifum verðtryggingar sé viðvarandi verðstöðugleiki. Með hliðsjón af framangreindu telur Seðlabankinn rétt að vara við þessari tillögu.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda (endurfjármögnun verðtryggðra lána), 55. mál.

Í þessu frumvarpi er lagt til að lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda verði breytt þannig að lántaka verði heimilt að breyta eftirstöðvum verðtryggðs láns í óverðtryggt lán, án endurnýjunar lánshæfis- og greiðslumats, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, þ.á m. að greiðslubyrði neytanda aukist ekki við breytinguna. Vert er hér að áréttta að slík breyting getur við ákveðnar aðstæður þyngt greiðslubyrði lántakans verulega þegar líður á lánstímann þar sem greiðslubyrði af óverðtryggðum lánum með breytilegum vöxtum er mun sveiflukenndari en greiðslubyrði af verðtryggðum lánum, sbr. framangreinda umfjöllun um afborganir af verðtryggðum lánum. Þá er varhugavert út frá sjónarmiðum um áhættu í fjármálakerfinu og fjármálastöðugleika að banna verðtryggingu einungis á eignahlið fjármálafyrirtækja (útlán) en heimila hana á skuldahlið þeirra (innlán). Seðlabankinn telur því rétt að vara við þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fylgiskjal: Umsögn Seðlabanka Íslands, dags 2. desember 2020 (151. löggjafarþing, 38. mál), ásamt fylgiskjali.

